

Skólaráð 4. október 2023

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Helga Guðný Sigurðardóttir og Indriði Ingi Stefánsson fulltrúar foreldra, Sif Garðarsdóttir og Ragnheiður Gísladóttir fulltrúar kennara.

1. Fundartímar skólaráðs: nóv, jan, mars og maí. Annar hvor fundur að morgni og hinir seinni part á Teams. Fundarboð send í Outlook.

2. Fulltrúi grenndarsamfélagsins: þarf að auglýsa eftir honum. Fulltrúar foreldra fá það hlutverk.

3. Starfsáætlun: farið yfir athugasemdir til leiðréttinga.

Tillaga frá foreldri um hvað hægt er að gera með óskilamunum.

Starfsáætlun undirrituð.

4. Lokun kennslustofa: tveimur kennslustofum á efri hæð á vesturgangi í aðalbyggingu hefur verið lokað á meðan verið er að kanna loftgæði. Búið er að koma tveimur námshópum fyrir, annars vegar í tónmenntastofu og hins vegar í rými í frístund. Því miður hafa tónlistarkennarar úr Skólahljómsveit og Tónlistarskóla þurft að víkja vegna þessa.

Frá fulltrúa foreldra: er hægt að bjóða nærsamfélaginu að nýta kennslustofur seinniparta m.a. með tilliti til að bæta loftskipti. Þessi hugmynd er í anda skólans, að vera hjarta samfélagsins, en á meðan við erum í þessari byggingu þá eru ýmsir vankantar sem gera okkur ekki kleift að framkvæma þessa hugmynd, bæði varðandi aðgengi og ræstingu.

Nemendum fer fjölgandi og spáin sýnir að svo verði áfram. Verið er að skoða hvernig hægt er að bregðast við þessari stöðugu fjölgun. Mikil ásókn nemenda úr öðrum hverfum í skólann og reynt að koma til móts við þær óskir eftir bestu getu.

5. Önnur mál

Húsnæðismál frá fulltrúa kennara: við erum komin að þolmörkum, það vantar pláss fyrir bæði nemendur og kennara til að vinna. Hér er unnið í hverju skoti, bókageymslum og á göngum. En aðstaðan hefur mikil áhrif á nám og kennslu. Starfsfólk skólans er mjög lausnamiðað og tilbúið að hliðra til.

Valgreinar frá fulltrúa kennara: fyrirspurn um Allir með strætó og svör við því.

Fundargerð skráð af Sigrúnu Valdimarsdóttur, aðstoðarskólastjóra